

# Fitjueigindir úr staðlinum ÍST 120 skráning og flokkun landupplýsinga, sem fallin er úr gildi

Upplýsingar og fitjueigindir  
sem var skylda að skrá

## 1. útgáfa



Vegna athugasemda og fyrirspurnna vinsamlega hafið samband  
í síma 430 9000 eða sendið tölvupóst á [Imi@mi.is](mailto:Imi@mi.is)

## Inngangur

Fitjuskrá þessi var útbúin í kjölfar þess að íslenski staðallinn ÍST 120 Skráning og flokkun landupplýsinga - Uppbygging fitjuskráa, var felldur úr gildi þann 1. júní 2021. Eigindir sem ætti alltaf að skrá voru í staðlinum en eru nú birtar í þessari fitjuskrá sem er aðgengileg á heimasíðu Landmælinga Íslands ásamt öllum öðrum fitjuskrám og nýjum gagnalýsingum.

Fyrri útgáfa staðalsins var gefin út árið 2008 og var hann ásamt tilheyrandi fitjuskrám unnin í miklu og góðu samstarfi við hagsmunaaðila. Á þessum tíma stóð landupplýsingasamfélagið frammi fyrir þeirri áskorun að innleiða samræmt verklag við skráningu fitjutegunda og eiginda sem tengjast þeim. Mikil þróun hefur átt sér stað síðan þá og í dag eru hagsmunaaðilar sammála um mikilvægi þess að gögn séu læsileg og miðlað á samræmdan hátt.

Niðurfelling staðalsins fór fram í samráði við LÍSU samtök um landupplýsingar og Staðlaráð Íslands, en útgáfa staðalsins var í samstarfi Landmælinga Íslands, staðlahóps LÍSU samtakanna og Staðlaráð. Eftir sem áður verður áhersla lögð á gott samstarf við hagsmunaaðila.

### **Eigindin á ekki við eða er óskilgreind**

Við uppbyggingu eigindataflna skal gæta þess að skrá kóðann 9999 í dálk þeirra eiginda sem eiga ekki við um tiltekna fitju. Þegar tiltekin eigind á við um fitjuna en gildin eru ekki þekkt á að skrá <Null>.

### **Sameiginlegar fitjueigindir sem skylda var að skrá skv. ÍST 120**

Hér eru taldar upp lýsandi fitjueigindir sem var skylda að skrá samkvæmt kröfum sem settar voru fram í ÍST 120 staðlinum.

| <b>Fitjueigindir</b>             |  |
|----------------------------------|--|
| <b>Eigind: dagsHeimildar</b>     |  |
| Gerð:                            | Dagsetning   |
| Skilgreining                     | Segir til um dagsetningu á því hvenær heimild varð til t.d. hvenær loftmynd var tekin, útgáfudagsetning korts, hvenær landgreining fór fram o.s.frv. Hún segir ekki til um hvenær upplýsingar voru færðar inn í gagnasafnið. |
| <b>Eigind: dagsLeidrettingar</b> |  |
| Gerð:                            | Dagsetning   |
| Skilgreining                     | Segir til um hvenær gögn voru síðast leiðrétt eða þeim breytt.   |
| <b>Eigind: heimild</b>           |  |
| Gerð:                            | Textastrengur  |
| Skilgreining                     | Heimildaskráning, t.d. númer loftmynda, númer kortblaða, örnefnaskrá, skýrslur GPS mælinga o.fl.   |
| <b>Eigind: dagsInnsetningar</b>  |  |
| Gerð                             | Dagsetning   |
| Skilgreining                     | Segir til um hvenær fitjan var færð inn í gagnasafnið.   |

| <b>Eigind: nákvæmniXY</b>   |      |   |
|---|------|---|
| Gerð: Rauntala  |      |   |
| Skilgreining Nákvæmni í fleti segir til um nákvæmni staðsetningar fitjunnar í fleti. Tilgreind í metrum (norðurás, austurás).                                 |      |   |
| <b>Eigind: vinnsluferliFitju</b>  |      |   |
| Gerð: Heiltala (e. integer)   |      |   |
| Skilgreining Vinnsluferli fitju lýsir því vinnsluferli sem notað var við að koma fitjunni inn í tiltekið gagnasafn. (T.d. hnitun, vigrun, myndmæling o.þ.h.). |      |   |
| <b>Gildi fitjueigindar</b>  |      |   |
| Nafn  | Kóði | Skilgreining  |
| Hönnunargögn  | 1    | Gögn sem verða til við útreikninga eða skv. forsendum hönnuða.                      |
| Fjarkönnun  | 2    | Fjarkönnun er stafræn greining á gögnum fengnum af gervitunglamyndum.               |
| Skönnuð gögn og vigrun  | 3    | Vigrun á t.d. skannaðri filmu / teikningu / mynd (mælt vélrænt).                    |
| Skjáhnitun / borðhnitun   | 4    | Skjáhnitað / borðhnitað t.d. af korti / loft- eða gervitunglamynd.                  |
| Landmæling  | 5    | Mæling lands með þar til gerðum tækjum, s.s. GPS-tæki, málbandi, hallamæli o.s.frv. |
| Myndmæling  | 6    | Lega og form hluta teiknuð t.d. eftir loftmyndum, með til þess gerðum búnaði.       |
| Annað   | 98   | Ef annað en það sem talið er upp hér að ofan, þá skal það tekið fram. T.d. riss.    |